

19. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til skráðs kaupanda hlutanúmers, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur skráðum kaupanda númersins nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef kvittun fyrir hlutanúmeri, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hennar snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi númerið, um að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt hlutanúmerið. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnarinnar innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt númerinu þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 25 25. maí 1976, lög nr. 115 31. desember 1984 og lög nr. 94 10. desember 1999, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga nr. 372 25. október 1976 með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íþróttá- og skólasvæðis við Ásgarð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi íþróttá- og skólasvæðis við Ásgarð og Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir viðbyggingum við skóla, byggingu stúku við íþróttavöll og stækkun núverandi bílastæða. Jafnframt er gert ráð fyrir að eldri deiliskipulagstilögur á sama svæði falli úr gildi. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. desember 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.